

1. hafnasambandsþing
Hafnarsambands sveitarfélaga
Haldið í Reykjavík 28. – 29. október 2004

Dagana 28. og 29. október var fyrsta hafnasambandsþing Hafnarsambands sveitarfélaga haldið á Grand hótél í Reykjavík.

Fyrri fundur fimmtudaginn 28. október
Fundur hófst kl. 9:30

1. Þingsetning.

Árni Þór Sigurðsson formaður stjórnar Hafnarsambands sveitarfélaga setti fundinn og bauð samgönguráðherra, borgarstjóra, fulltrúa og gesti velkomna á fundinn. Í ávarpi sínu minntist Árni, Hannesar J. Valdimarssonar hafnarstjóra í Reykjavík sem lést á síðasta ári. Fundarmenn risu úr sætum og vottuðu hinum látna virðingu sína auk þakklætis fyrir störf í þágu hafnasambandsins.

2. Kosning fundarstjóra, fundarritara og nefnda

Fundarstjórar voru kosnir þau Kjartan Magnússon og Steinunn Valdís Ósakarsdóttir Fundarritarar voru kosnir Auður M. Sigurðardóttir og Helgi Laxdal

3. Ávörp gesta

Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra

Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra ræddi þær miklu breytingar sem átt hafa sér stað á vettvangi siglinga- og hafnarstarfsemi. Breytingarnar tækju jafnt til umhverfis hafnanna, fjármálumhverfis svo og stjórnsýslunnar. Meðal þeirra mála eru ný hafnalög, strangar reglur um hafna- og siglingavernd, umræða um strandsiglingar og sameining hafna.

Samgönguráðherra lýsti yfir ánægju sinni með sameiningu Reykjavíkurhafnar, Grundartangahafnar, Akraneshafnar og Borgarneshafnar.

Samgönguráðherra rakti í stuttu máli þá þróun sem orðið hefur frá því að ný hafnalög voru sett fyrir næstum einu og hálfu ári.

Samgönguráðherra ræddi þá ákvörðun Eimskips að leggja af siglingar síðasta áætlunarskipsins sem siglir hringinn með ströndinni og þær afleiðingar sem hún muni hafa á flutninga innanlands. Sagði samgönguráðherra frá meginniðurstöðum skýrslu sem vinnuhópur á vegum samgönguráðuneytisins, Vegagerðarinnar og Siglingastofnunar Íslands vann til að greina þessi áhrif. Til að strandsiglingar gæti hafist að nýju kæmi aðeins tvennt til greina; annars vegar að gera landflutninga dýrari með aukinni skattheimtu eða hins vegar að styðja við bakið á strandflutningum með fjárframlögum.

Taldi Sturla að sameining hafna væri jákvæð aðgerð sem leiddi til meiri hagkvæmni og möguleika á sérhæfingu og varpaði fram ákveðnum hugmyndum í þá átt.

Að lokum kom fram í máli ráðherrans að vinna við 4 ára samgönguáætlun gengi skv. áætlun og lagði á það áherslu að ekki verði niðurskurður á fjárframlögum til hafnamála á aðlögunartíma hafnalaganna.

Uffe Steiner Jensen, formaður samtaka danskra hafna

Uffe Steiner Jensen færði hafnarsambandinu bestu þakkir fyrir boð á þingið og kveðjur frá samtökum danskra hafna.

4. Skýrsla stjórnar

Árni Þór Sigurðsson formaður stjórnar gerð grein fyrir helstu störfum stjórnarinnar starfsárin 2002-2004. og lagði skýrsluna fram til kynningar. Fram kom að 20 fundir

voru haldnir og að helstu viðfangsefni stjórnar hefðu verið hafnalög, samgönguáætlun, lög um siglingavernd, auk umhverfis- og öryggismála. Fram kom að stjórnin fór til Færeyja í ágúst síðastliðnum og heimsótti þar þrjár hafnir. Einnig kom fram að Fiskistofa er að þróa nýjan miðlægan hugbúnað sem ætlað er að koma í stað Lóðsins.

Auk þess minnti hann á heimasíðu hafnarsambandsins sem opnuð var á síðasta ári (www.hafnasamband.is).

Stjórnin lagði fram eftirfarandi tillögur um starfsnefndir og forsvarsmenn þeirra: Umhverfis og öryggisnefnd, Hörður Blöndal og Guðmundur Sævar Guðjónsson Allsherjarnefnd, Guðný Sverrisdóttir og Bergur Þorleifsson Samgöngu- og þróunarnefnd, Már Sveinbjörnsson og Björg Ágústsdóttir Kjörnefnd, Guðmundur Bjarnason, Magnús B. Jónsson og Kristinn Jónsson.

Tillögurnar um starfsnefndir var samþykkt

Stjórnin lagði síðan fram tvær tillögur til umfjöllunar þingsins:

1. Tillaga um endurskoðun hafnalaga. Vísað til allsherjarnefndar
2. Tillaga um millipínganefnd um starfshætti Hafnarsambands sveitarfélaga. Vísað til Samgöngu- og þróunarnefndar.

Skýrslu stjórnar var að því loknu vísað til allsherjarnefndar.

5. Ársreikningar, tillögur um árgjöld og fjárhagsáætlanir

Ari Jónsson gjaldkeri stjórnar gerð grein fyrir ársreikningi starfsáranna 2002 - 2003, hann lagði fram fjárhagsáætlun fyrir starfsárin 2005 - 2006 og lagði fram tillögur um árgjöld.

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir 10% hækkun 2005 og 5% hækkun 2006. Auk þess var gerð tillaga um breytingu á tekjuflokkun hafna. Tillit tekið til verðbreytinga og mörk þannig hækkuð um 10%. Þessi mörk eru gildandi fyrir flokkun hafna fyrir næsta hafnarsambandsþing.

Ársreikningum og öðrum tillögum var vísað til allsherjarnefndar.

6. Endurskipulagning í rekstri hafna – er hún nauðsynleg? – reynsla ESPO

David Whitehead formaður ESPO, evrópska hafnarsambandsins fór yfir stöðu sjóflutninga og hafna innan Evrópu. Þar kom fram að þungamiðja flutninga er norðarlega í Evrópu og er á leið til austurs. Mikil uppbygging hefur átt sér stað í evrópskum höfnum ekki séð fyrir endann á þeirri þróun enda gert er ráð fyrir miklum vexti í flutningum. Önnur mikilvæg þróun er vaxandi áhrif einkageirans. Þetta hefur t.d. komið fram í einkavæðingu margra stærstu hafnanna í Bretlandi, auk víðtækra fjárfestinga á vegum einkarekinna flutningamiðstöðva í Evrópu.

En vegna þess að engin samræming var til staðar hélt hvert land innan ESPO áfram að þróa flutnings- og hafnamál eins og því hentaði best.

Stefna ESB í hafnamálum stendur nú á tímamótum eftir röð mislukkaðra tillagna og úrræða. Nú er komin fram ný tilskipun um hafnamál. Markmið hennar er að stuðla að samkeppni, að hvetja einkageirann og að stuðla að atvinnugrein sem er sjálfstæð í stefnumörkun. Eftir sem áður mun umræðan snúast um hvort lagasetningar sé þörf og hvort markaðurinn og ríkisstjórnir séu færar um að koma á breytingum á grundvelli jafnréttis án íhlutunar frá Brussel.

7. Siglingavernd – reynsla Dana.

Uffe Steiner Jensen formaður samtaka danskra hafna kynnti innleiðingu siglingaverndar hjá dönskum höfnum. Hafnarsambandið þurfti að berjast ötullega fyrir því að fá dómsmálaráðuneytið og embætti þess að viðurkenna að þau bæru ábyrgða á öryggi hafna og sér í lagi áhættumati en ekki hafnarstjórnirnar. Siglingaverndin var síðan útfærð í nánu samstarfi við lögregluembætti á hverjum stað. Framkvæmd siglingaverndar hefur í heild sinni gengið vel fyrir sig. Ljóst að siglingaverndin er komin til að vera og að búast megi við að kröfurnar aukist.

8. Siglingavernd – reynsla hafna

Sigurður Áss Grétarsson forstöðumaður hjá Siglingastofnun fór yfir ferli innleiðingar hafnarverndarinnar og aðkomu þeirra aðila sem málið varðar. Fram kom að alls hafa 30 hafnir tekið þátt í siglingaverndinni. Hann þakkaði hafnastarfmönnum fyrir samvinnuna og góða frammistöðu. Innleiðingin hefði gengið áfallalaust fyrir sig og eru Íslendingar meðal þeirra þjóða sem einna lengst eru komnar með innleiðinguna. Siglingavernd er komin til að vera og kröfurnar munu aukast og því mikilvægt að hafnir aðlagi sig þessum breytingum.

9. Land-/sjóflutningar, kynnt skýrsla vinnuhóps

Jóhann Guðmundsson skrifstofustjóri hjá samgönguráðuneytinu kynnti skýrslu vinnuhóps samgönguráðuneytis, Siglingastofnunar og Vegagerðarinnar um breytingar á flutningum innanlands. Tílefni skýrslunnar var að Eimskip hefur tekið ákvörðun um að hætta strandsiglingum.

Í skýrslunni komu fram hvaða áhrif þessar breytingar munu hafa á umferð um vegi landsins, hafnir og notendur þeirra. Í skýrslunni kom m.a. fram að áætlað tekjutap hafna þessara breytingar er áætlað um 77 milljónir króna.

10. Framtíð sjóflutninga á Íslandi

Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri í Grundarfirði og Skúli Þórðarson sveitarstjóri Húnaþings vestra gerðu grein fyrir þróun flutninga hér á landi, þar sem landflutningar eru stöðugt að aukast á kostnað sjóflutninga, og hvaða leiðir væru færar til þess að snúa þeirri þróun við. Þau lögðu til að samgöngu - og þróunarnefnd tæki málið til umfjöllunar og bentu á mikilvægi þess að hafnasambandið ætti aðkomu að umræðu og stefnumótun samgönguáætlunar.

11. Hafnalög

Gísli Gíslason bæjarstjóri á Akranesi ræddi ný hafnalög frá 2003 og áhrif þeirra. Samkvæmt ákvæðum laganna er kveðið á um endurskoðunarnefnd sem á að meta framkvæmd laganna. Hafnarsambandið hefur þegar skipað Gísli Gíslason og Ragnheiði Hákonardóttur í nefndina. Farið var yfir nokkur atriði sem ástæða þótti til að geta varðandi þá vinnu sem framundan er. Gísli kallaði auk þess eftir ábendingum um atriði sem menn teldu að nefndin ætti að taka til skoðunar.

12. Fjárhagur og staða hafna

Birgir L. Blöndal deildarstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga kynnti ítarlegt yfirlit yfir afkomu hafna fyrir árin 2002 og 2003. Í samantektinni er birt samantekt á rekstri Reykjavíkurhafnar, 16 úrtakshafna, auk annarra hafna innan hafnasambandsins. Gerð var grein fyrir hlutfallslegri skiptingu tekna og ýmsar aðrar upplýsingar varðandi fjárhag þeirra.

Fundarstjóri frestaði fundi, kl. 15:20, til morguns.

Seinni fundur föstudaginn 29. október

Starfsnefndir luku störfum áður en fundi var fram haldið.

Fundur hófst kl. 13.00

13. Þróun hafnarsvæða – Ný höfn á Faxaflóasvæði

Árni Þór Sigurðsson formaður hafnarstjórnar Reykjavíkurbæjar
Árni rakti í máli sínu aðdraganda sameiningar hafnanna á Akranesi, Borgarnesi,
Grundartanga og Reykjavík.

Farið var í stórum dráttum yfir það ferli sem síðan leiddi til stofnsamnings
sameignafélagsins Faxaflóahafna sf.

Í framhaldinu ræddi hann þann ávinning sem yrði af sameiningunni og
fram tíðarviðfangsefni sem hins nýja fyrirtækis.

14. Framlagning og afgreiðsla nefndarálita

14.1 Fundargerð umhverfis og öryggisnefndar, Framsögumaður Hörður Blöndal. Fundarskjal 23:

„Á fund umhverfis- og öryggisnefndar mættu 25 fulltrúar frá þeim höfnum landsins
sem hafa innleitt siglingavernd.

Fundarmenn lýstu reynslu sinni af undirbúningi, uppsetningu og framkvæmd
siglingaverndar, hver í sinni höfn og voru almennt nokkuð sáttir með hvernig til
hafði tekist, þó enn væri verk að vinna. Bent var á, að tollayfirvöld sætu heldur eftir
með sína vinnu.

Kostnaður vegna innleiðingu siglingaverndar er milli 2–3 milljónir, á hverja
hafnaraðstöðu, þó að einstakar hafnir hafi kostað meiru til. Þar sem starfsmenn
hafna hafa unnið þessar áætlanir virðist framkvæmdin vera skilvirkari, sem aftur á
móti sýnir þann mannauð sem starfsmenn hafnanna eru. Framtíðin mun endanlega
skera úr um skilvirknina. Fram kom á fundinum að menn telja að betur hefði mátt
standa að undirbúningi.

Það hefur sýnt sig að jákvæðar afleiðingar þess að loka hafnarsvæðum er að þar
hefur skapast öryggi og vinnufriður. Gæsla skipa og hafna er með mismunandi
hætti, allt frá því að vera aðkeypt af öryggisfyrirtækjum til þess að þjónustuaðilar
skipanna taka það verk að sér.

Hafnir landsins veita þessa öryggisþjónustu gegn sanngjörnu gjaldi.”

Fundarstjóri bar upp fundargerð nefndarinnar og var þingskjalið samþykkt
samhljóða

14.2 Álit allsherjarnefndar, Framsögumaður Guðný Sverrisdóttir. Fundarskjal 24:

Til umfjöllunar allsherjarnefndar var vísað fundarskjölum: 4, 5, 5a, 6, 8, 9, 10 16 og
17.

„Fundarskjal 4: Ársreikningur

Allsherjarnefnd yfirfór ársreikninga og að fengnum nokkrum skýringum samþykkti hún reikningana fyrir sitt leyti og leggur til að þeir verði samþykktir.

Fundarskjal 5 og 5a: Tillaga stjórnar um árgjöld

Á fundinum kom fram nokkur gagnrýni á óréttlátt gjaldstig í tillögunni. Til dæmis má benda á að bil milli 2 og 3 flokks er 45.000 krónur. Milli 3 og 4 flokks er bilið aðeins 25.000 krónur. Á milli flokka 5 og 6 verður bilið svo 95.000 krónur. Nokkrar umræður urðu um þetta, en þar sem tillagan felur í sér greiðslur árána 2005 og 2006 þótti ekki ástæða til að leggja til breytingar, sérstaklega þar sem ljóst er að hafnir eru að sameinast og búast má við að svo verði í auknum máli fram til ársins 2006.

Þess vegna er það tillaga allsherjarnefndar að tillaga stjórnar verði samþykkt, en að millipinganevnd taki þetta til athugunar því ljóst er að sameining hafna getur haft áhrif á tekjustofn næstu fjárhagsáætlunar svo og fulltrúatölu og stjórnarkjör.

Fundarskjal 6: Tillaga stjórnar að fjárhagsáætlun fyrir árin 2005–2006

Nokkrar umræður sköpuðust um framlagða fjárhagsáætlun og þá hækkun sem hún innifelur. Leitað var nokkurra skýringa, og eftir að upplýstist um kostnað vegna heimasíðu og þeirrar ákvörðunar að halda fleiri stjórnarfundum út á landi ásamt verðlagsþróun milli árána 2002–2004 þótti áætlunin ásættanleg og leggur allsherjarnefnd til að hún verði samþykkt.

Fundarskjal 8: Tillaga um þóknun til stjórnarmanna

Tillaga innifól óbreyttar forsendur þóknunar og leggur allsherjarnefnd til að tillagan verði samþykkt

Fundarskjal 9: Dagskrá og skýrsla stjórnar

Allsherjarnefnd telur stjórn hafnasambandsins hafa staðið vel að verki frá síðasta aðalfundi og vill þakka góð störf og greinargóða skýrslu. Nefndin vill hins vegar ítreka þær samþykktir sambandsins að fundarskjöl skuli hafa borist fulltrúum til yfirlestrar 4 vikum fyrir hafnasambandsþing.

Fundarskjal 10: Fjárhagur og gjaldskrá hafna 2003

Eins og skýrslan ber með sér er afkoma hafna landsins óviðunandi og telur allsherjarnefnd fulla ástæðu til þess að brýna hafnir landsins til að vinna í anda nýrra hafnalaga, þ.e. að hafnir skuli með gjaldskrársetningu sinni taka mið af tilkostnaði, s.s. byggingu, rekstri og viðhaldi hafna, þannig að hafnir geti skilað jákvæðri afkomu eftir afskriftir og orðið sjálfbærar og sjálfstæðar rekstrareiningar.

Fundarskjal 16: Tillaga stjórnar um endurskoðun hafnalaga

Allsherjarnefnd telur í ljósi fenginnar reynslu af nýjum hafnalögum að tillögurnar séu góðar og taki á helstu ókostum nýrra hafnalaga. Nefndin leggur því til að tillaga stjórnar verði samþykkt.

Fundarskjal 17: Tillaga stjórnar um mörk tekjuflokka sbr. 4. og 7. gr laga hafnasambandsins

Allsherjarnefnd fellst á tillöguna fyrir sitt leyti og leggur til að hún verði samþykkt. Nefndin vill þó ítreka nauðsyn þess að skoða framtíðarskipun þessa máls og vísar til fyrri bókunar nefndarinnar vegna fundarskjals 5."

Fundarstjóri bar upp tillögur nefndarinnar og voru þingskjölin samþykkt samhljóða.

14.3 Álit Samgöngu- og þróunarnefndar. Framsögumaður Már Sveinbjörnsson. Fundarskjal 22:

„Staða sjóflutninga

Fyrsta hafnasambandsþing Hafnasambands sveitarfélaga haldið í Reykjavík, dagana 28. og 29. október 2004, samþykkir að fela stjórn sambandsins að hlutast til um að samgönguráðuneytið skipi starfsnefnd til að móta heildstæða flutningastefnu fyrir Ísland. Flutningastefna þessi verði meðal annarra þátta grundvöllur að og hluti af endurskoðaðri samgönguáætlun fyrir landið.

Hafnasamband sveitarfélaga eigi fulltrúa í þessari nefnd."

Fundarstjóri bar upp tillögu nefndarinnar og var þingskjalið samþykkt samhljóða

Framsögumaður Már Sveinbjörnsson. Fundarskjal 25:

„Tilmæli til stjórnar

Fyrsta hafnasambandsþing Hafnasambands sveitarfélaga haldið í Reykjavík, dagana 28. og 29. október 2004, beinir því til stjórnar Hafnasambands sveitarfélaga að skoða kostnað og þátttöku hafnanna í framkvæmd á stjórnkerfi fiskveiða."

Fundarstjóri bar upp tillögu nefndarinnar og var þingskjalið samþykkt samhljóða

Framsögumaður Björg Ágústsdóttir. Fundarskjal 21:

„Starfsemi hafnasambandsins

Fyrsta hafnasambandsþing Hafnasambands sveitarfélaga haldið í Reykjavík, dagana 28. og 29. október 2004, samþykkir að fela stjórn sambandsins að skipa 5 manna millipinganefnd til að fjalla um innra starf hafnasambandsins, leggja mat á þær breytingar, sem samþykktar voru á síðasta ársfundi og leggja fram tillögu á næsta þingi um það hvernig starfsemin verður best þróuð áfram."

Fundarstjóri bar upp tillögu nefndarinnar og var þingskjalið samþykkt samhljóða

Framsögumaður Björg Ágústsdóttir. Fundarskjal 26:

„Tillaga um númerabreytingu hafnasambandsþings.

Fyrsta hafnasambandsþing Hafnasambands sveitarfélaga haldið í Reykjavík, dagana 28. og 29. október 2004, beinir því til stjórnar Hafnasambands sveitarfélaga að hafnasambandsþing haldi númeraröðun ársfunda/hafnasambandsþinga þannig að núverandi þing verði þar með 34. hafnasambandsþing."

Fundarstjóri bar upp tillögu nefndarinnar og var þingskjalið samþykkt með einu móttatkvæði

Að síðustu bar fundarstjóri upp allar tillögur þingsins og voru þær samþykktar samhljóða

15. Kosning stjórnar.

Fyrir tillögu kjörnefndar mælti Guðmundur Bjarnason.

Í stjórn er tillaga um eftirfarandi aðila, sbr. þingskjal 27:

Í aðalstjórn:	Gísli Gíslason, Akranesi formaður Árni Þór Sigurðsson, Reykjavík Björn Magnússon, Akureyri Ólafur M. Kristinsson, Vestmannaeyjum Björg Ágústsdóttir, Grundarfjarðarbæ Steinþór Pétursson, Austurbyggð Skúli Þórðarson, Húnaþingi vestra
Í varastjórn:	Bergur Þorleifsson, Reykjavík Már Sveinbjörnsson, Hafnarfirði Ragnheiður Hákonardóttir, Ísafirði Eiður Ragnarsson, Fjarðabyggð Guðmundur Gunnlaugsson, Vesturbyggð Reynir Sveinsson, Sandgerði Jóhanna Reynisdóttir, Vatnsleysustrandarhreppi
Endurskoðendur:	Sigurður Valur Ásbjarnarson, Sandgerði Sigríður Finsen, Grundarfjarðarbæ
Varaendurskoðendur:	Björn Arnaldsson, Snæfellsbæ Guðný Hrund Karlsdóttir, Raufarhafnarhreppi

Tillaga kjörnefndar um stjórnarkjör var samþykkt með einu mótatkvæði
Tillaga kjörnefndar um formann, varastjórn, endurskoðendur og
varaendurskoðendur var samþykkt samhljóða.

16. Þingslit

Albert Eymundsson bæjarstjóri á Hornafirði, bauð fyrir hönd Hornafjarðarhafnar til næsta hafnasambandsþings, árið 2006, að Höfn í Hornafirði.

Árni Þór Sigurðsson fráfaraðandi formaður hafnasambandsins þakkaði fyrir gott þing um leið og hann þakkaði fráfaraðandi stjórn samstarfið og velunnin störf.
Hann óskaði nýkjörnum formanni Gísla Gíslasyni til hamingju og óskaði nýrri stjórn velfarnaðar.

Gísli Gíslason nýkjörinn formaður þakkaði það traust sem honum væri sýnt að fá að leiða starf hafnasambandsins og óskaði eftir góðu samstarfi við þær hafnir sem að baki því stæðu. Gísli þakkaði þeim stjórnarmönnum sem nú ganga úr stjórn sambandsins og færði þeim blóm. Starfmenn þingsins fengu sérstaka þakkir fyrir sín störf.

Árna Þór Sigurðssyni var afhent listaverkið „Sveifla“ sem þakklætisvott frá hafnasambandinu fyrir störf sín sem formaður.

Gísli þakkaði Reykjavíkurböfn fyrir móttökurnar.

Að lokum færði Gísli fundarstjórum og fundarriturum þakkir.

Fundi slitið kl. 15:30

Fundarritarar
Auður M. Sigurðardóttir
Helgi Laxdal